



## Reglur um launakjör og starfsaðstöðu bæjarfulltrúa og nefndarmanna hjá Akureyrarbæ

1.gr.

Viðmið launa

Laun fyrir störf í bæjarstjórn, bæjaráði, ráðum og nefndum skulu nema skilgreindum hundraðshluta af viðmiðunarfjárhæð sem er kr. 960.607 frá 1. janúar 2017.

Viðmiðunarfjárhæð tekur mið af launavísitölu og breytist 1. júlí og 1. janúar ár hvert.

2. gr.

Laun

Laun bæjarfulltrúa, nefndarmanna, áheyrnarfulltrúa og fulltrúa í vinnuhópum eru eftirfarandi hlutfall af viðmiðunarlaunum frá 1. janúar 2017:

### Bæjarstjórn

Forseti bæjarstjórnar	39,6%	á mánuði - fundarseta innifalin
Varaforseti	27,92%	á mánuði - fundarseta innifalin
Bæjarfulltrúar	26,4%	á mánuði - fundarseta innifalin
Varamenn	5,8%	fyrir setinn fund

### Bæjarráð

Formaður bæjarráðs	41,2%	á mánuði - fundarseta innifalin
Aðalmenn	26,4%	á mánuði - fundarseta innifalin
Bæjarráð áheyrnarfulltrúa	26,4%	á mánuði - fundarseta innifalin
Varamenn	5,8%	fyrir setinn fund
Varamenn áheyrnarfulltrúa	5,8%	fyrir setinn fund

### Ráð og nefndir

Formaður	10,5%	á mánuði +4,0% fyrir setinn fund
Varaformaður í forföllum	5,5%	fyrir setinn fund í fjarveru form.
Aðalmenn	4,0%	fyrir setinn fund
Varamenn	4,0%	fyrir setinn fund
Áheyrnarfulltrúar framboða	4,0%	fyrir setinn fund
Varamenn áheyrnafulltrúa	4,0%	fyrir setinn fund
Lögboðnir áheyrnarfulltrúar	1,5%	fyrir setinn fund
Áheyrnarfulltrúar ungmennaráðs	1,5%	fyrir setinn fund

### Aðrar nefndir

Hverfisráðin í Hrísey og Grímsey, öldungaráð og samráðshópur um málefni fatlaðs fólks stjórn Vetraríþróttamiðstöðvar Íslands og kjarasamninganefnd:

Formaður	5,0%	fyrir setinn fund
Aðalmenn	3,5%	fyrir setinn fund
Varamenn	3,5%	fyrir setinn fund

## Annað

Fulltrúar i vinnuhópum	2,0%	fyrir setinn fund
Fulltrúar í ungmannaráði	2,0%	fyrir setinn fund

### 3. gr.

#### Lífeyrissjóður

Nefndarmenn greiða Brú lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga A- deild, 4% af heildarlaunum í iðgjald. Akureyrarbær greiðir mótframlag vinnuveitanda eins og það er á hverjum tíma samkvæmt reglum sjóðsins og kjarasamningi Kjalar, stéttarfélags starfsmanna í almannapjónustu og Sambands íslenskra sveitarfélaga, nú 11,5%. Nefndarmenn geta þó óskað eftir að greiða í annan lífeyrissjóð.

Í þeim tilvikum sem nefndarmaður greiðir viðbótarframlag í séreignarsjóð greiðir Akureyrarbær framlag á móti allt að 2% gegn framlagi nefndarmanns.

### 4. gr.

#### Veikindaréttur

Þeir sem eru á föstum mánaðarlaunum, eiga rétt á veikindaleyfi vegna veikinda eða slysa í allt að þrjá mánuði en þó eigi lengur en til loka kjörtímabils. Greiðslur vegna veikinda miðast við föst laun.

Forfallist formenn ráða og nefnda í lengri tíma en einn mánuð tekur varafirmaður laun sem formaður á meðan hann gegnir því starfi.

### 5. gr.

#### Fæðingarorlof

Um rétt bæjarfulltrúa og nefndarmanna til fæðingar- og foreldraorlofs fer eftir lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof.

### 6. gr.

#### Tryggingar

Bæjarfulltrúar eru tryggðir með sama hætti og starfsmenn Akureyrarbæjar samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kjalar, stéttarfélags starfsmanna í almannapjónustu. Um rétt til launa vegna óvinnufærni í kjölfar slysa fer eftir 4. gr.

### 7. gr.

#### Laun í orlofi

Bæjarfulltrúar fá greidd full laun á meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar og fundarhléi bæjarráðs stendur. Formenn ráða- og nefnda fá greidd föst laun á meðan á fundarhléi ráða og nefnda stendur. Ekki er greitt orlof á laun samkvæmt reglum þessum.

### 8. gr.

#### Fundir, ráðstefnur, þing og kynnisferðir

Bæjarfulltrúar og nefndarmenn fá ekki greiðslur fyrir fundarsetu á fundum, þingum og ráðstefnum, né fyrir þátttöku í kynnisferðum sem bæjarfulltrúum er gefinn kostur á að sækja. Greitt er þáttökugjald í þeim tilvikum sem um það er að ræða.

## 9. gr.

### Ferðakostnaður

Greiddur er ferða- og dvalarkostnaður vegna þáttöku í fundum, ráðstefnum, þingum og kynnisferðum utan Akureyrar sem bæjarfulltrúum er gefinn kostur á að sækja. Úttagður kostnaður bæjarfulltrúa er greiddur gegn framlögðum reikningum. Forstöðumaður upplýsinga- og þjónustudeildar er tengiliður bæjarfulltrúa vegna bókunar á flugi og endurgreiðslu á útlögðum kostnaði.

## 10. gr.

### Vinnuhópar, vinnureglur og nánari skýringar

Ákveði bæjarstjórn eða fastaráð að setja á fót launaðan vinnuhóp þarf að koma fram í bókun ráðs ef lagt er til að greitt verði fyrir fundarsæti. Ef ekki er gert ráð fyrir kostnaði vegna launa vinnuhóps í samþykktri fjárhagsáætlun þarf að óska eftir samþykki bæjarráðs fyrir viðauka vegna starfs vinnuhóps áður en vinna hópsins hefst.

Við upphaf starfs slíkra hópa skal liggja fyrir erindisbréf og skal nota form sem fylgir í viðhengi, við gerð þess. Undirrituð erindisbréfi skal skila til bæjarstjóra áður en vinna hópsins hefst. Í erindisbréfi skal eftifarandi koma fram:

- hver skipaði hópinn,
- hvert hlutverk hans er,
- hvaða fulltrúar eru í hópnum,
- tímaáætlun þ.e., hvenær hópurinn mun hefja störf og hvenær hann á að skila af sér,
- áætlun um fjölda funda hópsins og
- hvort lagt er til að greitt verði fyrir fundarsæti,
- einnig skal koma fram í erindisbréfi að skila eigi inn afritum af undirrituðum fundargerðum til forstöðumanns upplýsinga- og þjónustudeilda.

Greiðsla nefndarlauna vegna vinnu í starfshópum fer fram tvívar á ári, í byrjun júlí og lok desember ár hvert, skv. ljósritum af undirrituðum fundargerðum eða þegar vinnu lýkur formlega, með skilum fundargerða til upplýsinga- og þjónustudeilda.

Starfsmenn Akureyrarbæjar fá ekki greiðslur fyrir slíka fundi.

Fulltrúar sem bæjarstjórn eða fastanefnd kýs skv. reglugerðum eða samþykktum í stjórnir og ráð, fá greidd 3,5% af viðmiðunarlaunum fyrir hvern fund, sé fundarþóknun ekki greidd af viðkomandi stofnun.

Bæjarstjóri úrskurðar um vafaatriði vegna vinnuhópa.

## 11. gr.

### Vinnuaðstaða

Bæjarfulltrúum býðst að nýta sér vinnuaðstöðu í Geislagotu 9. Um er að ræða aðstöðu í opnu rými. Allur almennur skrifstofubúnaður sem bæjarfulltrúar get nýtt sér, er til staðar á hæðinni, s.s. til ljósritunar og prentunar. Einnig býðst bæjarfulltrúum aðgangur að læstum skáp sem þeir geta nýtt til að geyma persónuleg gögn og muni eftir þörfum. Áhugasamir hafi samband við forstöðumann upplýsinga- og þjónustudeildar kristin@akureyri.is sem afhendir lykla.

## 12. gr.

### Fundaaðstaða

Bæjarfulltrúum býðst að bóka fundaaðstöðu fyrir fundi í fundabókunarkerfi Akureyrarbæjar í gegnum Outlook. Um er að ræða fundarsal á 3. hæð og fundarsal á 1. hæð að Geislagötu 9.

## 13.gr.

### Farsímanotkun

Akureyrarbær greiðir kostnað vegna notkunar farsíma bæjarfulltrúa í samræmi við samning við þjónustuaðila Akureyrarbæjar samkvæmt sömu reglum og gilda um sviðsstjóra hjá Akureyrarbæ á hverjum tíma.

EKKI er tekið þátt í kostnaði ef valið er að hafa símaþjónustu hjá öðrum þjónustuaðila.

## 14.gr.

### Fartölvur

#### 14.1 Afhending

Aðalfulltrúar í bæjarstjórn fá til afnota fartölvur vegna starfa sinna. Þær eru keyptar gegnum Ríkiskaupasamninga, eru eign bæjarins og skal merkja þær og skrá eins og aðrar eigur bæjarins. Óski bæjarfulltrúi sérstaklega eftir tölву sem ekki er inni í Ríkiskaupasamningi greiðir Akureyrarbær að hámarki 200.000 krónur og bæjarfulltrúinn greiðir mismuninn, ef einhver er. Forstöðumaður upplýsinga- og þjónustudeildar hefur umsjón með fartölvukaupum, í samráði við bæjarfulltrúa, hvort sem valin er vél úr Ríkiskaupasamningi eða önnur.

#### 14.2 Skil og kaup bæjarfulltrúa á notuðum fartölvum

Láti bæjarfulltrúi af störfum á kjörtímabili afhendir hann eftirmanni sínum í bæjarstjórn fartölvuna til afnota ef innan við tvö ár eru síðan hún var keypt. Ef tölvan er eldri en tveggja ára þá gefst fráfarandi bæjarfulltrúa kostur á að fá vélina keypta og miðast verðið við afskriftaregluna hér fyrir neðan.

Láti bæjarfulltrúi af störfum í lok kjörtímabils, vegna þess að hann býður sig ekki fram eða vegna þess að hann nær ekki aftur kjöri, og skemmri tími en tvö ár eru liðin frá því bæjarfulltrúinn fékk afhenta nýja fartölvu skilar hann tölvunni inn til bæjarins. Ef fartölvan er eldri en tveggja ára þá gefst fráfarandi bæjarfulltrúa kostur á að kaupa hana og miðast verðið þá við afskriftaregluna hér fyrir neðan.

#### 14.3 Afskriftaregla

Miðað er við að fartölvur bæjarfulltrúa afskrifist á fjórum árum.

Fái bæjarfulltrúi afhenta nýja tölву í upphafi kjörtímabils og noti hana allt kjörtímabilið telst vélín afskrifuð og viðkomandi bæjarfulltrúi getur fengið hana til eignar án greiðslu ef hann lætur af störfum í lok kjörtímabils. Bæjarfulltrúi sem starfar lengur en eitt kjörtímabil fær nýja fartölvu þegar þess er þörf.

Afskriftir miðast við kaupverð vélar og fjögurra ára afskriftatíma.

Mánuðir frá kaupum	% pr mánuð	% alls
1-12 mánuðir	3	36
13-24 mánuðir	2,5	30
25-36 mánuðir	2	24
37-48 mánuðir	0,83	10
		100

Dæmi: Fartölva er keypt á 200.000 krónur í janúar 2016. Bæjarfulltrúi lætur af störfum í júní 2018 og óskar eftir að kaupa tölvuna. Þá eru liðin tvö ár og fimm mánuðir frá því vélin var keypt. Reiknað verð er þá  $200.000 - (200.000 \cdot 0,36 + 200.000 \cdot 0,3 + 200.000 \cdot 0,1) = 48.000$  krónur.

#### 14.4 Bilanir

Ef fartölva bæjarfulltrúa bilar eða eyðileggst skilar hann henni inn til forstöðumanns upplýsinga- og þjónustudeildar sem aðstoðar bæjarfulltrúann við að fá gert við tölvuna eða útvega nýja.

## Erindisbréf

Hér komi fram heiti starfshóps/vinnuhóps/verkefnisliðs

Hér komi fram:

- hvaða ráð skipaði hópinn
- dagsetning og bókun fundarins sem ákvörðunin var tekin á
- hvort lagt er til að vinna starfshópsins/vinnuhópsins/verkefnisliðsins verði launuð eða ekki
- hvort áætlað er í fjárhagsáætlun fyrir kostnaði vegna greiðslu nefndarlauna
- hvar bóka skal kostnað vegna þessa
- ef ekki hefur verið áætlað fyrir kostnaði í fjárhagsáætlun og óskað er eftir fjárveitingu frá bæjaráði þá komi það fram hér.

Hlutverk/verkefni hópsins:

Eftirtaldir fulltrúar skipa hópinn:

Vinna hópsins hefst: dd.mm.aaaa

Vinnu hópsins skal lokið: dd.mm.aaaa

Áætlaður fjöldi funda:

Áætlaður kostnaður vegna greiðslu nefndarlauna og launatengdra gjalda:

Undirrituðu eintaki af erindisbréfi skal skila til bæjarstjóra áður en vinna hópsins hefst.

Vakin er athygli á að til að greitt verði fyrir fundarsetu þarf að skila afriti af erindisbréfi og afriti af undirrituðum fundargerðum til upplýsinga- og þjónustudeildar eigi síðar en 13. júní vegna greiðslu 1. virka dag júlí og 13. desember vegna greiðslu í lok desember.

Ábyrgðaraðili vegna skila á fundargerðum:

Akureyri, dd.mm.aaaa

---

Nafn

Formaður.. heiti nefndar